

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 6/2023 vegna kvörtunar um endurgreiðslu á flugfargjaldi með flugi nr. W65054 þann 22. júní 2020.

I. Erindi

Þann 10. ágúst 2022 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá A (kvartandi). Kvartandi átti bókað far með flugi Wizz Air (WA) nr. W65054 frá Keflavík til Kraká þann 22. júní 2020 og sömu leið til baka þann 29. júní. WA endurgreiddi kvartanda fargjaldið í formi ferðainneignar.

Ferðainneignin var gefin út með tveggja ára gildisstíma. Þegar kvartandi ætlaði að nota ferðainneignina var gildistími hennar liðinn.

Kvartandi fer fram á endurgreiðslu á flugfargjaldi á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

II. Málavextir og bréfaskipti

Kvörtunin var send WA til umsagnar þann 10. ágúst 2022. Erindið var ítrekað þann 9. september 2022. Í svari WA sem barst þann 13. september 2022 kom eftirfarandi fram:

Regarding your claim with reference [...] I would like to kindly draw your attention to the following excerpt from our General Conditions of Carriage, which each passenger accepts before creating a reservation, where it is clearly stated that:

18.3. Limitation of Actions

18.3.1. Your right to make any claim of any nature whatsoever (including claims for compensation under regulation 261) against us shall be extinguished if you do not bring an action within 2 years from the date of arrival at the destination, or from the date on which the aircraft ought to have arrived, or from the date on which the carriage stopped.

The limitation is based on HU law, as it's what the contract with the customer (our General Conditions of Carriage) is based on.

Article 21. Choice of law and jurisdiction 20.3. Unless otherwise provided by the convention or any mandatory provisions of any applicable law:

a) Thesea general condition of carriage and any carriage wich we agree to provide you with (in respect of yourself and/or your baggage) shall be governed by the laws of Hungary; and

b) any dispute between you and us concerning or arising out of such carriage in any way whatsoever shall be subject to the nonexclusive jurisdiction of the courts of Hungary.

„Non-exclusive jurisdiction“ means that you may bring claim against us in a jurisdiction outside of the courts of Hungary. The ECJ decision sets membership laws as applicable regarding time limitation for the claims for compensation in accordance with EU Regulation 261/2004. As the contract is concluded under HU law, the HU Civil code is applicable. The HU Civil code is dispositive, which means it allows difference for many aspects if the parties agreed on that. The Civil code sets out the time limitation in 5 years, but allows the parties to change it if agreed in writing:

Section 6:22 [Statute of limitations]

- (1) Unless otherwise provided for in this Act, claims shall lapse after five years.
- (2) The period of limitation commences upon the due date of the claim.
- (3) An agreement for changing the limitation period shall be executed in writing.
- (4) Any agreement excluding prescription shall be null and void.

As our General Conditions of Carriage is a written agreement, such limitation is lawful and valid. As flight W6-5053 KRK-KEF was on 29 June 2020, we consider the case closed. I would like to further clarify that on the provided notification by the complainant it is clearly stated that the credits have an expiration of 2 years. If you have any additional questions, we remain at your disposal.

SGS sendi kvartanda umsögn WA þann 14. september 2022. Í svari kvartanda sem barst samdægurs kom eftirfarandi fram:

Takk fyrir að hjálpa mér í þessu. Mér hefur greinilega yfirsést kaflinn 18.3.1 við pöntun á farseðlunum. Ég reyndi, án árangurs, að bóka þetta flug gegnum tvo milliliði áður en ég hafði samband við flugfélagið sjálft og hef greinilega verið með hugann við annað en að gera kröfu á hendur félaginu á þeim tíma.

Það sem ég er hvað ósáttastur með er að hafa ekki getað fundið innihald greinar 18.3.1 á vef flugfélagsins eftir að flugið var fellt niður og mér barst tilkynning um inneignina í stað flugferðar. Hvort það sé nógu haldgott til að halda málinu áfram er mér ekki ljóst. Þið skoðið þetta og látið mig vita um niðurstöðuna.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt þágildandi lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til SGS, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. þágildandi loftferðalaga. Samgöngustofa bendir á að þar sem atvik kvörtunarinnar gerast í tíð eldri loftferðalaga nr. 60/1998, fer um málið eftir þeim lögum þótt ný lög um loftferðir nr. 80/2022 hafi tekið gildi á Íslandi. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði þágildandi laga og stjórnisýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. og 140. gr. laganna, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Í 5. mgr. 109. gr. þágildandi loftferðalaga segir að kröfur samkvæmt X. kafla laganna fyrnist ef mál er ekki höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða tvö ár eru liðin frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því að flutningur stöðvaðist. Er hér um að ræða sérreglu gagnvart hinni almennu fjögurra ára fyrningarreglu í 3. gr. laga um

fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Þá er það meginregla á sviði kröfuréttar að um fyrningu krafna fer eftir þeim lögum og reglum sem í gildi eru þegar krafan stofnast. Í tilviki bótaréttar þá stofnast krafa við tjónsatburð, í þessu tilviki þann 29. júní 2020.

Atvik þessa máls áttu sér stað þann 20. og 29. júní 2020 og kvörtun barst SGS þann 10. ágúst 2022, rúmlega tveimur árum síðar. Samkvæmt því var mál þetta fyrnt þegar það barst stofnuninni.

Ákvörðunarorð

Kröfu kvartanda um endurgreiðslu á flugfargjaldi úr hendi Wizz Air samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð 1048/2012, er hafnað sökum þess að krafan var fyrnd þegar hún barst Samgöngustofu, sbr. 5. mgr. 109. gr. þágildandi loftferðalaga nr. 60/1998.

Ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. þágildandi loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 27. janúar 2023

Ómar Sveinsson

Andri Rúnar Gunnarsson